

67 Ákvæði tolllaga, þar á meðal 19. gr. laga nr. 62 30. desbr. 1939, um tollskrá o. 22. febr. fl., skulu gilda um eftirlitsgjaldið eftir því, sem við á.

2. gr.

Iðnsúkkulaði og vörur þær, sem taldar eru í 1. gr. sem nr. 1, 2, 3 og 12, eru undanþegnar eftirlitsgjaldi við innflutning, ef viðtakandi varanna rekur innlent iðnaðarfyrirtæki, þar sem úr vörum þessum eru framleiddar vörutegundir, sem greitt er eftirlitsgjald af við framleiðslu, og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að vörur þessar verði notaðar þannig.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, öðlast þegar gildi.

Með reglugerð þessari eru úr gildi numin:

- 7. gr. reglugerðar nr. 50 20. júlí 1936, um aldinsultu og aldinm auk.
- 9. gr. reglugerðar nr. 51 20. júlí 1936, um aldinsafa og aldinsóft.
- 6. gr. reglugerðar nr. 52 20. júlí 1936, um kaffibæti og kaffilíki.
- 8. gr. reglugerðar nr. 53 20. júlí 1936, um kaffi.
- 8. gr. reglugerðar nr. 54 20. júlí 1936, um kakaó og kakaóvörur.
- 11. gr. reglugerðar nr. 111 10. septbr. 1936, um gosdrykki.
- 7. gr. reglugerðar nr. 128 17. desbr. 1936, um edik og ediksýru.
- 8. gr. reglugerðar nr. 129 17. desbr. 1936, um krydd og kryddvörur.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 22. febrúar 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.

68
24. febr.

REGLUGERÐ

um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Frá og með 25. febrúar 1940 þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, skal hafa sérstakan tímareikning á Íslandi, þannig að klukkan verði færð fram um eina klukkustund frá svonefndum íslenskum meðaltíma.

Þetta kemur til framkvæmda þannig, að klukkan 2 eftir miðnætti eftir íslenskum meðaltíma aðfaranótt sunnudagsins 25. febrúar, færist klukkan fram um eina klukkustund og verður 3.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. febrúar 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.